



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 10. mars 2017

Breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum

Ágætu félagar,

Á fundi stjórnar KSÍ 22. febrúar sl. samþykkti stjórn KSÍ breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum. Mun reglugerðin nú bera heitið reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 og 8 manna liðum. Breytingar þessar eru til samræmis við samþykktir ársþings KSÍ 2017 um breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Leiða þær samþykktir til þess gera þurfti breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum.

Eftirfarandi er yfirlit yfir breytingarnar og samantekt:

REGLUGERÐ KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum

1. gr.

Almenn ákvæði

- 1.1. Allir leikir skulu fara fram skv. knattspyrnulögunum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, nema annars sé getið í reglugerð þessari.

2. gr.

Leikvöllurinn

- 2.1. Stærð leikvallar miðast við að leikið sé þversum á venjulegum leikvelli, sbr. 1. gr. knattspyrnulaganna.
Viðmiðunarstærð: 68 m x 52,5 m
Hámarksstærð: 75 m x 55 m
Lágmarksstærð: 55 m x 40 m
KSÍ getur heimilað frávik frá þessum stærðarmörkum.
- 2.2. Leikvöllur og merking hans skal vera í samræmi við eftirfarandi lýsingu:
- a) Vítateigur: Á hvorn enda leikvallar skal merkja tvær línur hornrétt á marklínu 10 m frá hvorri marksúlu og skulu þær ná 10 m inná leikvöllinn. Þær skulu tengjast saman með línu, sem merkt skal samsíða marklínu. Hvort svæðið um sig innan þessara lína og marklínu, nefnist vítateigur. Vítateigur er einnig markteigur. Vítamerki skal merkt fyrir miðju marki 8 m frá marklínu.
- b) Vallarmiðja: Kross skal markaður mitt á milli marklína, fyrir þeim miðjum til að marka miðju vallarins.
- c) Mörkin: Mörkin skulu sett á miðju hvorrar marklínu. Milli marksúlna skulu vera 5 m (innanmál) og frá jörðu að markslá skulu vera 2 m.

3. gr.
Fjöldi leikmanna

- 3.1. Hvort lið skal eigi skipað fleiri en sjö eða átta leikmönnum og skal einn vera markmaður, sbr. nánar reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.
- 3.2. Skiptimenn skulu eigi vera fleiri en fimm. Skipti á leikmönnum skulu fara fram fyrir miðri hliðarlínu vallarins og mega fara fram hvenær sem er í leiknum. Skiptimanni er því heimilt að ganga til leiks þegar einhver leikmaður í liði hans hefur yfirgefið leikvöllinn fyrir miðri hliðarlínu án þess að tilkynna dómara um það. Leikmaður, sem skipt hefur verið út af leikvelli, má ganga til leiks á ný.
- 3.3. Lið, sem mætir með færri en 6 leikmenn til leiks, getur ekki hafið leikinn og telst ekki hafa mætt til leiks.
- 3.4. Ef leikmanni er vikið af leikvelli í 5. flokki eða í enn yngri aldursflokkum getur viðkomandi leikmaður ekki tekið frekari þátt í leiknum en heimilt er að skipta öðrum leikmanni inn á í hans stað. Í eldri aldursflokkum er óheimilt að skipta öðrum leikmanni inn á í stað leikmanns sem vikið hefur verið af leikvelli.

4. gr.
Leikskýrslur

- 4.1. KSÍ skal gefa út sérstök leikskýrslueyðublöð fyrir knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum. Annars vegar eyðublað fyrir nöfn leikmanna sem félagið skilar í mótslok og hins vegar eyðublað þar sem greint er frá úrslitum leikja og heimaliði ber að skila að leik loknum. Mótanefnd setur nánari reglur um skýrslur þessar ef þörf krefur.

5. gr.
Dómgæsla

- 5.1. Aðstoðardómara er ekki krafist í knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum.

6. gr.
Leiktími

- 6.1. Í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er getið um leiktíma í einstökum flokkum. Heimilt er að stytta leiktíma í hraðmótum.

7. gr.
Upphafsspyrna

- 7.1. Upphafsspyrna skal tekin á miðju og er heimilt að spyrna í hvaða átt sem er.

8. gr.
Rangstaða

- 8.1. Í knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum geta leikmenn ekki verið rangstæðir, sbr. 11. grein knattspyrnulaganna.

9. gr.
Leikbrot og yfirsjónir – aukaspurnur

- 9.1. Fyrir öll brot í 12. grein knattspyrnulaganna skal refsað með beinni aukaspurnu með þeim undantekningum að markverði í 6. flokki og yngri aldursflokkum skal heimilt að taka knöttinn upp með höndum eftir sendingu frá samherja og jafnframt skal honum heimilt að halda knettinum lengur en í 6 sekúndur.
- 9.2. Þegar leikmaður tekur aukaspurnu skulu allir mótherjar hans vera í a. m. k. 6 m fjarlægð frá knettinum, þar til hann er kominn í leik. Í aukaspurnu innan vítateigs í 6. flokki og yngri aldursflokkum má leika knettinum til markvarðar án þess að knötturinn hafi farið út fyrir vítateig.

10. gr.
Vítaspyrna

- 10.1. Vítaspyrnu skal taka 8 m frá marklínu fyrir miðju marki.

11. gr.
Markspyrna

- 11.1. Í 6. flokki og yngri aldursflokkum má leika knettinum til markvarðar án þess að knötturinn hafi farið út fyrir vítateig.

12. gr.
Hornspyrna

- 12.1. Í 6. flokki og yngri aldursflokkum er hornspyrna tekin þar sem vítateigur og marklína skerast. Annars er hornspyrna tekin þar sem marklína og hliðarlína skerast.

13. gr.
Innkast

- 13.1. Í 6. flokki og yngri aldursflokkum má markvörður taka knöttinn upp með höndum eftir innkast frá samherja.

14. gr.
Gildistaka

- 14.1. Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. grein laga KSÍ og öðlast þegar gildi samkvæmt sömu grein. Við gildistöku hennar fellur úr gildi eldri reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum.

Samantekt

Reglugerðin er að stærstum parti samhljóma reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum. Breyta þurfti heiti reglugerðarinnar og tilvísun til sjálfrar reglugerðarinnar í fáeinum ákvæðum. Þá var orðalagi ákvæðis 3.1. breytt á þann veg að nú er gert ráð fyrir að leikinn sé knattspyrna í 7 eða 8 manna liðum í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar en ekki einungis 7 manna liðum.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Haukur Hinriksson

Haukur Hinriksson,
lögfræðingur hjá KSÍ.